1 **Lóð**
1 : 500

BYGGINGARLÝSING:

Flatir 16, Vestmannaeyjum
LEN: L160672, mhl. 01
Lóðin er 338,2 m², n=1,00

Gert er ráð fyrir að byggja iðnaðarhús á lóðinni í stað byggingar sem fyrir er á lóðinni sem verður rifin. Byggingin eru í notkunarflokki 1.

EFNISGÆÐI:
Allt byggingarefni sem notað er við byggingu hússins skal vera með CE-merkingu og eftir atvikum vottað af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, eða sambærilegt.

BURÐARVIRKI:
Undirstöður, botnplata, útveggir og berandi milliveggir eru úr járnbentri staðsteyptri steinsteypu. Þakvirki er úr timbri.

EINANGRUN:
Sökklar eru einangraðir með 75mm plasteinangrun.
Botnplata er einangruð með 100mm plasteinangrun.
Útveggir eru einangraðir með 100 mm steinullareinangrun (þéttull) að utanverðu.
Þak er einangruð með 200 mm steinullareinangrun (þakull).

GLUGGAR OG HURÐIR:
Gluggar og hurðir eru úr timbri/áli í lit sem valin verður af hönnuði. Tvöfalt einangrunargler er í gluggum. Gler er Top N+ einangrunargler, eða sambærilegt, með U-gildi 1,9 W/m²°K. Vegið meðaltal U-gildis glugga er 1,81 W/m²°K.
Hámarksgildi samkvæmt bygg.rg. er 2,00 W/m²°K.
Vegið meðaltal U-gildis hurða er 2,63 W/m²°K. Hámarksgildi samkvæmt bygg.rg. er 3,00 W/m²°K
Samlímt öryggisgler er í gluggum sem eru 60 sm eða minna frá gólfi sbr. Rb(31).121.1.

Vegið meðaltal U-gildis útveggja að teknu tilliti til glugga og hurða er 0,62 W/m²°K. Hámarksgildi samkvæmt bygg.rg. er 0,85 W/m²°K.

Heildarleiðnitap er 1,11 W/m²°K, miðað við gólfflatarmál.

KLÆÐNINGAR:
Megin klæðning útveggja er með sléttu áli í ljósum lit.
Undirkerfi er af viðurkenndri gerð og festist með viðeigandi stálvinklum, undir vinkla komi tjörupappi.
Þakið er klætt með litaðri báraðri aluzink klæðningu. Undir klæðninguna komi heilklæðning með 1"x6" klæðningu og þar ofan á þakpappi.
Berandi milliveggir verða múrhúðaðir.

MILLILOFT:
Milliloft er borið uppi af stálbitum. Bólfbitar eru 45x195mm klæddir með 22mm nótuðum spónaplötum. Gólfið er óeinangrað og milliloftið notað sem geymsla.

KÓLNUNARTÖLUR:

Byggingarhluti	***Útreiknað í W/m²°K***	***Bygg.reglug. í W/m²°K***
Þak	0,17	0,20
Steinsteyptur útveggur	0,32	0,40
Gluggar	1,81	2,00
Útihurðir	2,63	3,00
Gólf á fyllingu	0,29	0,30

HLJÓÐVIST:
Reiknað er með að kröfur í byggingareglugerð séu uppfylltar, en þar segir m. a. í gr. 11.1.2. "Um hávaðavarnir við vinnu gildir reglugerð Vinnueftirlits ríkisins um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum "

LAGNIR:
Hitaveita er á svæðinu og verður húsið hitað upp með vatnshitablásurum og eftir atvikum með ofnalögn. Hver eining er með sér rennslismælir sem staðsett er við tengigrind einingarinnar.
Neysluvatnslagnir eru lagðar í gólf og milliveggi.
Raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum og í lofti.
Við bílastæði verður rafhleðslustöð fyrir bíla, ef á þarf að halda.

VATNSÖFLUN OG SORPHIRÐA:
Húsið tengist vatnsveitu sveitarfélagsins og sorphirðu sveitarfélagsins samkvæmt reglugerðum þar um.

FRÁVEITA:
Fráveita tengist við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

LOFTRÆSING:
Loftræsing rýma er út um oppnanlega glugga. Í lokuðum rýmum er rafræn loftræsing.

Vestmannaeyjar
Efla Vestmannaeyjar
Time: 19.08.2025 15:43
Samþykkt af byggingarfulltrúa

Hönnuður
Samúel Smári Hreggviðsson
Time: 20.08.2025 11:28
Undirritun hönnuðar
Undirritað með OneSign

BRUNAVARNALÝSING:
Brunavarnarlýsingin á við Flatir 16, Vestmannaeyjum og eru lausnir almennt samkvæmt forskriftarákvæðum í byggingareglugerð nr. 112/2012 með seinni tíma breytingum.

Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun byggingarinnar og notkun
Byggingin er á einni hæð í notkunarflokki 1.

Brunahólfun
Meginbrunahólf:
Mannvirkið er eitt brunahólf, um það bil 340 m². Hver eining er sérstök brunastúka og aðskilin með EI90 veggjum.

Burðarvirki:
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er að minnsta kosti R90
Brunamótsstaða burðarvirkis þaks er að minnsta kosti REI60.

Klæðningar:
Klæðningar verða samkvæmt ÍST EN13501.
Innanhússklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G
Utanhússklæðningar eru í flokki 1.
Þakklæðning er af flokki B(roof)(t2), steinullareinangrun kemur á milli sperra og eru klæðningar af flokki 1

Flóttaleiðir:
Flóttaleiðir frá einingum eru út um hurðir.

Brunaviðvörunarkerfi:
Gert er ráð fyrir stökum samtengdum reykskynjurum í hverri einingu.

Reyklosun:
Reyklosun er út um glugga og hurðir.

Brunaslöngur/slökkvitæki:
Slökkvitæki samkvæmt ÍST EN 3 skulu staðsett við inngangsdyr til dæmis 6 l léttvatn og 5 kg. kolsýra við inntaksrými rafmagns.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Sökkvitækin skulu merkt á áberandi hátt með til þess gerðum merkjum af viðeigandi gerð og stærð.

Bil milli húsa:
Mannvirkið er byggt í lóðarmörkum. Útveggir eru steinsteyptir og er hætta á eldsútbreiðslu milli húsa lítil.

Aðkoma slökkviliðs:
Aðkoma slökkviliðsbíla er góð að húsunum frá Flötum og aðkomu bakatil.

STÆRÐIR fyrir Flatir 16, Vestmannaeyjum:
Mhl.01,
Flatarmál húss er 337,7 m²
Birt flatarmál húss er 337,7 m²
Rúmmál húss er 2.129,8 m³.
Lóðarstærð er 338,2 m²
Nýtingarhlutfall er 1,00
(Sjá skráningartöflu)

1:100 0 1 2 3 4 5 m

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:

Verkheiti:
FLATIR 16

Sveitarfélag:
Vestmannaeyjum

Verktegund:
Iðnaðarhús

Landnúmer: 160672 **Staðgreinir:** 800-01 23730160

Aðalteikning

Afstaða - Skýringar

Hannað af:	ssh	**Matshluti:**	01
Teiknað af:	ssh	**Mælikvarði:**	As indicated
Yfirfarið af:	ssh	**Dagsetning:**	16.06.2021
Samþykkt:		**Ábyrgðarmaður og réttharfi:**	Samúel Smári Hreggviðsson, kt.: 200752-4659

HÚSEY
Teikni- og verkfræðistofa
Stóru-Sandvík 4, 801 Selfoss
Sími: 898-9199 / 482-1738
Netfang: husey@husey.is
Heimasíða: www.husey.is

21-893	–	–	–	A	01	Útgáfa
Verknúme	Svæði	Áfangi		Ábyrgð	Númer	

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðastærð: A1